


TÓNLEIKAR

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna

í Seltjarnarneskirkju
sunnudaginn 9. október 2011
kl. 17:00

Händel – Beethoven



Einsöngur: Valdís G. Gregory
Stjórnandi: Oliver Kentish

Aðgangseyrir er kr. 2000, frítt fyrir börn,
afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara.

EFNISSKRÁ:

L. v. Beethoven: Coriolan-forleikurinn, ópus 62

Allegro con brio

L. v. Beethoven: Ah! Perfido

- HLÉ -

G. F. Händel: Forleikur að óperunni Júlíus Sesar

G. F. Händel: Aría Kleópötru úr óperunni Júlíus Sesar

Piangerò la sorte mia

G. F. Händel: Vatnasvíta nr. 2 í D-dúr

Ouverture

Alla hornpipe

Minuet

Lentement

Bourrée

UM HÖFUNDA OG TÓNVERK:

Í efnisskrá tónleikanna í dag er lagt út af aríum tveggja höfuðskálda tónbókmenntanna, Händels og Beethovens. Yrkisefnin eru gamalkunn og sígild, ástir, svik og vonbrigði. Tengsl milli tónskáldanna eru ef til vill minna þekkt. Augljóst er að Beethoven hafði ekki áhrif á Händel. Aðdáun Beethovens á Händel kemur hins vegar víða fram. Hann samdi til dæmis tilbrigði um stef eftir Händel sem hafa verið fastur liður á efnisskrá sellóleikara í heiminum æ síðan.

L. van Beethoven (1770-1827): Coriolan-forleikur op. 62 Beethoven samdi Coriolan-forleikinn undir áhrifum af mjög vinsælu leikriti þess tíma, „Coriolan“ eftir Heinrich Joseph von Collin, sem sjálfur hafði samið leikrit sitt upp úr harmleik Willi-ams Shakespeare, „Coriolanus“. Þar segir frá stoltum rómverskum hershöfðingja sem hlotið hafði viðurnefnið Coriolanus eftir hernám borgarinnar Corioli í landi Volska á S-Ítalíu. En hershöfðinginn getur ekki lifað í friði í samræmi við rómverska spakmælið „Ex bello pax“ — friður fylgi stríði — og í því er fall hans falið. Þess má geta að Coriolan-forleikurinn var fyrsta verkið á efnisskránni á fyrstu tónleikum íslenskrar sinfóníuhljómsveitar, á hvítasunnudag 1925. Það er til marks um hversu stutt saga íslenskrar hljómsveitarmenningar er að einn af fastagestum á tónleik-

um Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna frá upphafi var viðstaddur þann atburð. Aríuna „ Ah, perfido!“ samdi Beethoven snemma á ferli sínum. Hún er talin samin um 1796 en var ekki gefin út fyrr en 1805. Hún er samin við texta eftir Pietro Trapazzi sem var eins konar hirðskáld í Vín 1729-1782 og skrifaði undir skáldanafninu Metastasio. Verkið er eins konar einnar-áriú, einnar-persónu ópera og fannst Beethoven sjálfum að flutningur hennar passaði betur á óperusviði heldur en í tónleikasal. Textinn fjallar um unga konu og svikulan elskhuga. Hún tjáir tilfinningasveiflur sínar í ariunni, fyrst reiði („Þú ótrúi lygari, illi svikahrappur, ætlarðu að yfirgefa mig?“), þá auðmýkt („ ... sýndu mér miskunn, yfirgefðu mig ekki!“), og að lokum ræðst hún að örlögum og grimmd þeirra í sinn garð.

G. F. Händel (1685-1759) ólst upp í Halle í Þýskalandi og lærði tónlist í trássi við föður sinn sem hafði ætlað honum annað ævistarf. Hann náði fljótlega undra-verðum árangri. Sautján ára gamall vann hann fyrir sér sem organisti og ári síðar var hann fíðluleikari og semballeikari við óperuna í Hamborg. Tvítugur hafði hann þegar samið tvær óperur og frægð hans fór mjög vaxandi. Árið 1712 fluttist hann til Englands og starfaði þar upp frá því. Hann var stórvirkur við tónsmíðar og samdi fjölda ópera, óratória og hljómsveitarverka. Hann naut fádæma vinsælda og verður að leita til helstu poppgöða nútímans til að finna samjöfnuð.

Óperan Júlíus Sesar er samin árið 1724 í ítölskum stíl eins og þá var í tísku, hét Giulio Cesare á frummálinu, ítölsku. Hún fjallar um herför Sesars til Egyptalands, samskipti hans við Kleópötru og ástir þeirra. Arían sem hér er flutt er úr þriðja og síðasta þætti. Þar grætur Kleópötra örlög sín enda er útlitið ekki gott þegar hér er komið sögu. Hún telur Sesar fallinn og stríðið tapað. Þetta fer þó á annan veg en það er önnur saga og önnur aría.

Händel samdi Vatnasvítur sínar þrjár til flutnings á ánni Thames að ósk Georgs I Englandskonungs. Frumflutningurinn fór fram 17. júlí 1717 og tóku 50 hljóðfæraleikarar þátt í honum. Hljómsveitin sigldi á báti sem fylgdi konungsbátnum og segir sagan að hinir hljóðlátari kaflar hafi verið leiknir þegar hljómsveitarbáturinn sigldi nálægt en hávaðasamari kaflarnir verið leiknir fjær konungsbátnum. Hljóðfæraskipan er nokkuð hefðbundin nema að semball og pákur eru ekki í upphaflegu útsetningunum þar sem það var erfiðleikum bundið að flytja þau hljóðfæri á skipsfjöl. Sviturarnar urðu strax gríðarvinsælar og áttu stóran þátt í frægð Händels á sinni tíð. Enn þann dag í dag eru þær mikið notaðar þegar skapa á hátíðlega stemmningu við ýmsar athafnir, í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

FLYTJENDUR:



Valdís G. Gregory hóf ung tónlistarnám í kórskóla Langholtskirkju. Frá sex ára aldri lærði hún á fíðlu en skipti yfir á selló 11 ára gömul auk þess sem hún stundaði píanónám um skeið. Valdís lauk bachelor-gráðu með láði frá The Hart School of Music, University of Hartford í desember 2010 þar sem kennari hennar var Michele McBride. Hún hefur sótt einsöngstíma hjá Signýju Sæmundsdóttur, Ingveldi Yri Jónsdóttur, Auði Gunnarsdóttur, Patricia Misslin og Þóru Einarsdóttur. Sumarið 2010 stundaði Valdís nám við Bel

Canto Institute í Flórens á Ítalíu þar sem hún vann til verðlauna, sem eru veitt þeim nemendum sem sýna hæfni í að nýta sér stíl og hefðir bel canto söngstílsins og hafa tilfinningu fyrir notkun ítalska tungumálsins. Helstu óperuhlutverk Valdísar eru Næturdrottningin í Töfraflautunni, Mrs. Jenks í The Tender Land, Númer 2 og minni hlutverk í L'Enfant et les Sortilèges og Brahmin í Lakmé. Valdís hefur haldið einsöngstónleika í Selinu, Stokkalæk og Listasafni Sigurjóns Ólafssonar ásamt því að hafa komið fram sem einsöngvari með Hartt Choir og Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Rumon Gamba. Valdís syngur í uppfærslu Íslensku óperunnar á Töfraflautunni og mun koma fram sem einsöngvari með Söngsveitinni Filharmóníu í lok þessa mánaðar.

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga R. Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir

Jónína P. Thorarensen

Sigrún Andrésdóttir

Lilja Kjartansdóttir

Fífa Jónsdóttir

Rós Pétursdóttir

Anna von Heynitz

Margrét Soffía Einarsdóttir

Arndís Hulda Auðunsdóttir

2. fiðla

Ólöf Júlía Kjartansdóttir

Drífa Örvarsdóttir

Hólmfríður Þorvaldsdóttir

Helga Andrésdóttir

Henný Þrastardóttir

Halla Björg Baldursdóttir

Brynhildur Höskuldsdóttir

Víola

Páll E. Ingvarsson

Helga Guðrún Sigurjónsdóttir

Selló

Páll Einarsson

Anna Jórunn Stefánsdóttir

Freyja Jónsdóttir

Kontrabassi

Dean Ferrell

Kjartan Guðnason

Flauta

Kristrún H. Björnsdóttir

Karen Erla Karólínudóttir

Óbó

Sverrir Guðmundsson

Guðrún Másdóttir

Klarinett

Barclay Anderson

Jóhann Ingólfsson

Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir

Þóður Magnús Tryggvason

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson

Hannah Sigurðardóttir

Horn

Sturlaugur Jón Björnsson

Brynjar Björnsson

Pákur

Eggert Pálsson

Hljómsveitin þakkar

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning.